


Félagsmál, fróðleikur og myndni, fyrir og frá fönfum á Litla - Hrauni



Gleðilega páska

Skólaganga fanga

Nokkrir fangar sækja skóla á Litla - Hrauni.

Ingi S. Ingason kennslustjóri í viðtali.

Bls. 2

Ungir afbrotamenn

Viðtal við unga fanga á Litla - Hrauni.

Bls. 8

Faðir í fangelsi

Sumir fanganna eru feður, eiginmenn og bræður.

Tilfinningarlíf þeirra getur verið mjög flókið.

Bls. 9

Afstaða - Trúnaðarráð

Á Litla- Hrauni er starfandi trúnaðarráð fanga. Afstaða vinnur að tækifærum fyrir fanga til ábyrgðar.

Bls. 15

Staðlaður glæpamaður



Er hann til? Hvernig er þá venjulegt innbrot.

Bls. 3

Er einelti í fangelsi?



Tryggvi Ágústsson deildarstjóri L-H í viðtali.

Bls. 4

Lofgjörðarstundir



Haldnar eru lofgjörðarstundir í fangelsinu L - H. Fangi í viðtali.

Bls. 6

Starf fangavarða



Ari Björn Thorarensen aðstoðarvarðstjóri í viðtali.

Bls. 10



AA - Fundir í fangelsi



Skóli á Litla - Hrauni

18 til 25 nemendur stunda nám í fangelsinu

- EINNUNGIS 19 AF ÞEIM ÞREYTA EINHVER PRÓF

“Ég held að agavandamál séu minni á Litla - Hrauni en í mörgum öðrum skólum. Skýringin kann að vera sú að þar er fullorðið fólk í skóla, sem kann að hegða sér sæmilega.

Skóli er starfandi á Litla - Hrauni. Til notkunar við skólann eru tvær skólastofur auk tölvuvers. Fjöldi nemenda á Litla - Hrauni hefur verið að aukast á undanförmum árum. “Þegar skólinn flutti í núverandi húsakynni fyrir hálfum öðrum áratug, innrituðust milli 18 og 25 nemendur á hverja önn, jafnan fleiri á haustönn en vorönn. Af þeim lauk að jafnaði um helmingur einhverjum prófum”, segir Ingi S. Ingvason kennslustjóri á Litla - Hrauni í samtali við Hraunbúann. Á þessa önn og þá síðustu innrituðust 35 nemendur. Eins og staðan er í dag, er reiknað með að aðeins 19 af þeim þreyti einhver próf.

Á þessari önn er í boði kennsla í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði, íþróttum, lífsleikni, grunnteikningu og iðntekningu. “Einnig nýta nemendur fjarnámsmöguleika frá móðurskólanum, FSU og einnig frá VÍ, IR og jafnvel frá HR. Einnig eru nemendur að taka viðskiptagreinir, nánast með dreifnámsformi hjá stærðfræðikennara skólans”, segir Ingi S. Fjölsóttustu greinarnar hafa alltaf verið enska, íslenska og stærðfræði en auk þess hafa þau fjögur til fimm pláss í suðugreinum, sem jafnan hefur verið boðið upp á, nema á þessari önn, verið nánast fullskipuð og gjarnan einhverjir verið á biðlista.

“Um það bil tugur manna hefur útskrifast með stúdentspróf héðan, um hálfur tugur með verslunarpróf, þrír með próf í húsasmíði, tveir sem löggiltir suðumenn, einn með vélavaráréttindi, einn sem rafvirki og einn sem vélvirki, ef ég man rétt. Á þriðja tug nemenda útskrifaðist á síðustu öld með svokallað pungapróf, þ.e. skipstjórnarréttindi við strendur Íslands á allt að 30 rúmlesta bátum. Þess ber að geta, að hluta námsins sóttu sumir ofangreindra út fyrir fangelsið”, segir Ingi S. Brottfall nemenda hefur verið nokkuð úr skólanum, ástæður eru margvíslegar, t.d. lyfjanotkun. “Já, því er ekki að leyna, þótt brottfallið hafi minnkað á undanförmum árum. Það hefur sýnt sig að lyfjaneysla og nám fara í fæstum tilvikum vel saman”, segir Ingi S.

Kennt er frá kl. 8:45 til 10:50 árdegis alla virka daga og frá kl. 13:10 til 15:15. Reiknað er með 5 mínúta frímínútna fyrir hádegi og aftur eftir hádegi, en hver kennslustund er 60 mínútur. Á föstudögum hefur verið kennsla á þessari önn frá kl. 14:00 til 15:00, er það nýlunda.

“Með tilkomu netvæðingar tölvustofunnar hefur fjarnám aukist til

muna og auðveldar það nemendum að ljúka bóklegum áföngum til stúdentsprófs einnig í samfélags- og náttúrufræðigreinum”, segir Ingi S.

Þegar Ingi S. var spurður að því hvað hann vildi sjá breytast varðandi skólahlald á Litla - Hrauni, svaraði hann því til að hann vill fá aukna viðveru kennara í skólalúsnæðinu á Litla - Hrauni, en til þess þarf aukið fjármagn. “Húsnæði skólans svo og tækjakost mætti með því móti nýta mun betur. Jafnframt vildi ég sjá betri mætingu nemenda í skóla, en sumum gengur ansi illa að koma sér fram úr á morgnana”, segir Ingi S.

Helstu vandamál nemenda við námið er aðallega það að kennslufyrirkomulagið er óhjákvæmilega þannig, að hópkennta þekkist vart. Verið er að aðstoða nemendur í allt að 6 mismunandi áföngum innan sömu greinar á sama tíma. “Þetta þýðir auðvitað að aðgengi hvers nemanda að kennaranum er verulega takmarkað og krefst nákvæms og mikils undirbúnings hjá hverjum og einum nemanda. Margir nemendur hafa mjög veikan grunn úr skólakerfinu og kunna hreinlega ekki að læra, telja sér jafnvel trú um að nóg sé að renna yfir námsefnið fyrir próf, en reka sig svo allharkalega á. Of margir nemendur líta því miður ekki á námið sem stöðugt ferli og vinnu”, segir Ingi S.


Sumir nemendanna á Litla - Hrauni hafa náð betri árangri í námi í fangelsinu, heldur en í venjulegu skóla. “Þetta helgast af því að við erum ekki alltaf að líta á dagatal varðandi fyrirlögn lokaprófa í áföngum. Það hefur margoft gerst að nemendur ljúka fleirum en einum áfanga í viðkomandi grein á önn. Ég held að metið, 48 einingar á önn, hafi ekki enn verið slegið utan múra, a.m.k. ekki í FSU.

Aðbúnaður að skólanum hefur verið góður að mati Ingi S. síðasta hálfan annan áratug. Hann talar þó um þá þörf í framtíðinni að þörf sé fyrir stærri kennslustofum.

Nemendur á Litla - Hrauni greiða ekki skólagjöld og fá kennslubækur að láni frá fangelsinu. Óski þeir að sækja fjarnám annað en til móðurskóla á Selfossi, þurfa þeir að greiða fyrir það.

Ingi S. var spurður af því hvernig væri að kenna í öryggisfangelsi þar sem má ætla að hættulegustu menn landsins væru. “Það er öðruvísi en að starfa eingöngu utan veggja fangelsis. Flestum kennurum

sem starfað hafa á Litla - Hrauni, hefur þó ekki líkað það verr en svo að þeir hafa ekkert á móti því að kenna þar önn eftir önn”, segir Ingi S. Varðandi breytingar á nemendum á milli ára svaraði Ingi S. því til að honum þætti nemendur á Litla Hrauni fara batnandi með árunum en versnandi á Selfossi. “Ég held að agavandamál séu minni á Litla - Hrauni en í mörgum öðrum skólum. Skýringin kann að vera sú að þar er fullorðið fólk í skóla, sem kann að hegða sér sæmilega. Auðvitað eru líka dæmi þess að ofvirkir nemendur setjast á skólabeck á Litla - Hrauni og trufla aðra, en sem betur fer er sá hópur nemenda sem vill nota kennslustundirnar til náms, það stór að þeir sjá til þess að vinnufriður ríkir. Nemendur undirgangast líka þá kvöð að stunda nám sitt eða vera vikið úr skóla ella”, segir Ingi S. Ingvason kennslustjóri á Litla - Hrauni í fræðandi og skemmtilegu samtali við Hraunbúann.



Forsíðumyndin er af aðalbyggingu fangelsins á Litla - Hrauni.

Blað þetta er gefið út af föngum í fangelsinu á Litla - Hrauni, sér til dægrastyttnar. Greinar í blaðinu eru skrifaðar og unnar af föngum. Blaðinu er dreyft um víðan völl, til allra fangelsa landsins, stofnana og dómsstóla.

Ritstjórn:
Rúnar Ben Maitsaland
Sigurbjörn S. G.

Greinarhöfundar:
Sigurbjörn S. G.
Magnús
Jónas Ingi
Rúnar Ben Maitsaland

Hönnun, umbrot:
Sigurbjörn S. G.

Prófarkalestur:
Ágúst M.



Hvernig er venjulegur glæpamaður? Er hann til?

- HVERNIG ER ÞÁ VENJULEGT INNBROT?

2 FIMMTUDAGUR 29. DESEMBER 2005

Leiðari úr DV
Mikael Torfason skrifaði

365

Leiðari

Mikael Torfason

Maður getur vel skilið að venjulegir glæpamenn sýgi í
erfiðleikum með að ungangast



Er venjulegur glæpamaður til? Þessi spurning vaknaði hjá greinarhöfundinum eftir að hafa lesið leiðara DV fyrir stuttu, en þar skrifaði Mikael Torfason fyrirverandi ritstjóri að **“venjulegir glæpamenn” ættu erfitt með að umgangast ákveðinn hóp fanga.** Ef venjulegur glæpamaður hefur verið greindur ættu sérfræðingar auðvelt með að lækna menn af því að vera glæpamenn. Ef venjulegur glæpamaður er til vaknar líka upp sú spurning hvort venjulegur ölvunarakstur sé til. Hvernig fer hann þá fram? Þarf viðkomandi glæpamaður að vera með 2,13 pr. í öndunarsýni hjá lögreglu og hafa ekið yfir 100 km/kl. Eða þarf hann að hafa stolið ökutækinu til að flokkast undir venjulegan ölvunarakstur.

Ef við búum okkur til hinn venjulega glæpamann úr tölum frá Ríkislögreglustjóra um afbrot á árinu 2004 miðað við fjölda brota og það sem er helst í gangi, álykta hvernig hinn algengasti glæpamaður lítur út. **Þessi staðlaði glæpamaður okkar mun vera fíkniefnaneytandi, hann notar nær eingöngu Amfetamín,** ef marka má tölur frá Ríkislögreglustjóra, en málum hjá lögreglu er hlýtur að fíkniefnamálum þar sem amfetamín kom við sögu fjölgaði um rúmlega 5000 milli ára 2003 og 2004. Glæpamaðurinn okkar er einungis í vörslu og neyslu á efnunum. Flytur þau ekki inn, né selur. Hann er eitthvað í auðgunarbrotum, **þá aðallega í fjársvik varðandi greiðslukort og tékka.** Hann er óheiðarlegur ef


hann finnur fé, hann skilar þeim ekki. Hann hylmir yfir fjársvikum og hikar ekki við að stela hlutum sem hann telur sig geta komið í verð. **Hann borgar neyslu sína með fjársvikum og þjófnaði.** Glæpamaðurinn okkar brýst inn í bíla og verslanir. Hann stundar það svona í hjáverkjum að brjótast inn í íbúðarhús, en innbrotum í heimahús hefur fjölgað mikið. Glæpamaðurinn okkar er að dragast saman hvað varðar kynferðisbrot. Helsta aukningin er þó að hann er ný byrjaður að ginna einstaklinga yngri en 18 ára, til lauslætis. Hann er ekki traustur varðandi börn sín, en misneyting á sínum eigin börnum hefur fjölgað um 33,3% á milli ára 2003 og 2004.

Glæpamaðurinn okkar er fljótur upp með hnefann. Hann reynir að leysa mál sín með lögmáli hnefans. Hann slæst mikið, drepur ef með þarf. Árið 2003 voru engin manndráp skráð hjá lögreglu en 2004 voru 3, auk þess voru skráð 6 af gáleysi sama ár, tveimur færri en árinu á undan. Einnig fjölgaði verulega alvarlegum líkamsárásam. Hann er ekki mikið í því að valda eignaspjöllum, bara hvað varðar hans innbrot, brjóta upp hurð eða glugga. Hann er farinn að auka það að stela bifreiðum til að aka um bæinn og þá aðallega undir áhrifum einhverskonar vímuefna. Hann er farinn að róast hvað varðar lögregluna, hann er farinn að minka það að slá hana. Þó voru 80 slík mál skráð hjá lögreglu árið 2004. Þó reynir okkar staðlaði glæpamaður að stofna til einhverskonar uppbots gagnvart lögreglunni. Hann fer svo til hliðar til að forðast það að lenda í

höndum lögreglunnar.

Glæpamaðurinn okkar er að tæknivæðast. **Hann er farinn að nota tölvuna sína til að falska peninga.** En fölsun á peningum hér á landi hefur fjölgað verulega. Þó er aukning falsana hér á landi aðallega í formi skjalafals. Glæpamaðurinn okkar hikar ekki við að falska undirskriftir. Hann hefur gaman af því að hóta náunganum og koma út slúðri um hann. Hann brýtur nálgunarbönn ef þau eru í gangi. Hann heldur oft partý og hefur þá ætíð mikinn hávaða svo nágrannar kvarta til lögreglu. Glæpamaðurinn okkar er allur að dragast saman **hvað varðar áfengislöggjöfin** a hann hallar sér mun meira að fíkniefnu. **Hann er ekki farinn að vera eins mikið ölvður á almannafæri.**

Þessi venjulegi glæpamaður okkar á heima á höfuðborgasvæðinu, en þar fara flest brotin fram og hafa brotum fjölgað mikið þar. Þá spyr maður á þessi lýsing við einhvern glæpamann? **Er hann þá til þessi venjulegi glæpamaður?** Eða sækjast einhverjir eftir því að vera hann?



Venjulegur glæpamaður
Er staðlað útlit á þessa leið?



Er einelti í fangelsi?

Sumir hverjir veigra sér við að fara út úr klefa

- FANGELSIÐ HEFUR TILEINKAÐ SÉR AÐFERÐIR

“Ég lít framkomu sem þessa alvarlegum augum og mun beita mér fyrir því að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað.”

Einelti í fangelsi er skilgreint sem tíðar og neikvæðar athafnir sem beitt er af einum eða fleirum, gegn öðrum sem eiga erfitt með að verja sig. Þessar athafnir valda þeim einstaklingi sem fyrir þeim verður mikilli vanlíðan og grafa undan sjálfstrausti hans.

“Frá því ég kom til starfa sem forstjóri Fangelsismálastofnunar hafa mér iðulega borist ábendingar og kvartanir frá tilteknum fögum, aðstandendum og lögmönnum um einelti og ofbeldi sem fangar eru beittir af samföngum í Fangelsinu Litla - Hrauni”, segir Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri í bréfi er hann sendi öllum fögum í fangelsum landsins.

Það eru margar aðferðir sem gerendur nota til að gera þolendum lífið óbærilegt; rógburður t.d. slúður, illt umtal og sögusagnir sem beitt er til að grafa undan mannorði þolanda, rangar ásakanir, stöðug og óréttlát gagnrýni, niðurlægning í viðurvist annarra, særandi ummæli og nafnaköll, beinar munnlegar eða líkamlegar hótanir, kyns eða litarháttar, persónulegar móðganir, háð, árásargirni. “Þannig hafa sumir hverjir veigrað sér við að fara út úr klefa sínum nema nauðsyn þyki til svo og að nýta sér þá takmörkuðu útivist og íþróttaaðstöðu sem í boði er. Svo sem nærri má geta veldur slíkt ofbeldi þeim sem fyrir því verða miklum vandræðum og vanlíðan umfram það sem

fangavistin leiðir eðlilega til”, segir Valtýr jafnframt.

Allir geta orðið fyrir því að vera lagðir í einelti. Einelti í fangelsi einkennist af röð atvika í stað eins ákveðins atburðar. Eineltið getur því staðið yfir í margar vikur eða mánuði áður en sá sem fyrir því verður áttar sig á því að hann er orðinn fórnarlamb eineltis. “Ég lít framkomu sem þessa alvarlegum augum og mun beita mér fyrir því að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað. Því verður lögð rík áhersla á að upplýsa málin og eru fangaverðir sérstaklega beðnir um að vera á varðbergi og tilkynna um sérhver tilvik sem undir þessar athafnir geta fallið. Ég hvet fanga til að hugleiða gaumgæfilega þessi mál og láta af hverslags einelti og ofbeldi gagnvart samföngum sínum”, segir Valtýr í niðurlagi bréfsins.

Það má finna nokkra sameiginlega þætti í fari gerenda eineltis, s.s. skort á sjálfstrausti, óöryggi og félagslega vanhæfni. Til að fela þessa vanhæfni grípur gerandi oft til þess ráðs að varpa henni yfir á samfanga sinn, t.d. með því að gagnrýna hann stöðugt eða bera röngum sökum. Einelti getur átt sér stað í hvaða fangelsi sem er, einnig þar sem vistunaraðstæður eru taldar vera til fyrrmyndar. Þó eru ýmsir þættir sem geta stuðlað að einelti í fangelsi, t.d. þegar samkeppni meðal fanga er mikil, öfund ríkir meðal fanga, lítil virðing er borin fyrir öðrum og skoðunum þeirra, vistunaraðstæður eru slæmar eða henta illa, stjórnum ómarkviss eða í formi valdbeitingar og upplýsingaflæði lélegt.


Tryggvi Ágústsson er deildastjóri í fangelsinu á Litla Hrauni, oftast kemur það í hans hlut að birta fögum refsingu ef þeir verða uppvisir af brotum í fangelsinu.

“Agaviðurlög fá þeir fangar sem uppvisir verða að einelti, einnig er beitt flutningi á milli deilda og húsa. Gerðar eru skýrslur um öll atvik ef einhver verður uppvis að áreyti”, sagði Tryggvi Ágústsson í samtali við Hraunbúann. Í agaviðurlögum er t.d. beitt því að fanginn missir aukabúnað af klefa sínum, t.a.m. sjónvarp og tölvu í ákveðinn tíma. Einnig getur fangi misst dagsleyfi, ef þau hafa verið fyrir hendi. Allir starfsmenn fangelsisins sóttu námskeið til að takast á við einelti í fangelsi, var það námskeið haldið 2004. “Öllum starfsmönnum er gert að fylgjast náið með öllu sem fram fer í fangelsinu”, bætir Tryggvi við. Að s ö g n T r y g g v a v e r ð a kynferðisbrotamenn helst fyrir einelti.

Afleiðingar eineltis koma fram á ýmsan hátt hjá þolandanum. Hann getur t.d. upplifað kvíða, skapsveiflur, ótta, biturð, örvæntingu, hefndarþorsta, minnimáttarkennd, öryggisleysi, andúð á fangelsið, skerta sjálfsbjargarviðleitni, hjálparleysi, þunglyndi, þráhyggju, minnkað sjálfsálit, rýrt traust til náungans, félagslega einangrun, þverrandi trú á framtíðina, höfnunartilfinningu, sjálfsmorðshugleiðingar, svefnleysi og streitutengda sjúkdóma s.s. höfuðverk, vöðvabólgu o.m.fl. Það er ekki einungis sá sem verður fyrir eineltinu sem skaðast. Fjölskylda þolanda er hið ósýnilega fórnarlamb eineltis þar sem álagið á hana eykst.



Tryggvi Ágústsson
Deildarstjóri Litla - Hrauni




Valtýr Sigurðsson
Fangelsismálastjóri



AA - fundir eru haldnir reglulega í fangelsi

- VIÐURKENDU VANMÁTT ÞINN



Í fangelsinu á Litla - Hrauni standa AA- samtökin fyrir svokölluðum AA - fundum. Markmið með fundunum er að fá fundarmenn til að losna undan áfengis- og fíkniefnabölinu. Tveir félagar úr AA- samtökunum koma að venju tvisvar í viku. Félagarnir eru óvirkir alkaholistar. Á fundinum ræða menn opinskátt um vandamál sín og viðurkenna vanmátt sinn gegn áfengi og/eða vímuefnum. **Algjör trúnaður ríkir á fundum, það sem sagt er þar fer ekki út af þeim.** Þannig eiga þeir er sækja fundinn að geta tjáð sig án hættu á því að náunginn fari að kjamsa á viðkvæmum málum viðkomandi.

Tæp 30% íslenskra fanga eru yngri en 20 ára. Flest brot þeirra tengjast fíkniefnaneyslu, eða brot þeirra framin í neyslu eða henni tengt. **“Ég braut af mér til að fjármagna fíkniefnaneyslu mína”,** segir ungur fangi á Litla Hrauni í samtali við Hraunbúann. Hann er nú virkur í AA-samtökunum. **“Ég mæti að jafnaði á tvo fundi á viku. Þessir fundir hjálpa mér að halda mér edrú”. Fanginn telur nauðsynlegt að AA-fundir séu haldnir í fangelsinu. “Fólkið sem kemur með fundina er allt fólk sem hefur tekist að snúa við blaðinu, það veitir manni von um að maður geti líka hætt”,** segir viðmælandi Hraunbúans.

AA- samtökin eru félagsskapur karla og kvenna, sem samhæfa reynslu sína, styrk og vonir, svo að þau megi leysa sameiginlegt vandamál sitt og séu fær um að hjálpa öðrum til að losna frá áfengis- og vímuefnaneyslu. Til að gerast AA- félagi þarf aðeins eitt, löngun til að hætta að drekka eða neyta vímuefna. Inntök- eða

félagsgjöld eru engin. **“AA-samtökin eru sjálfstæð heild og óháð hvers kyns félagsskap öðrum.** Þau halda sig utan við þras og þrætur og taka ekki afstöðu til opinberra mála. Höfuðtilgangur okkar er að vera ódrukkinn og án vímuefna og styrkja aðra alkólista til hins sama”, segir í pása frá AA

Guð gef mér æðruleysi til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt, kjark til að breyta því sem ég get braytt, og vit til að greiða þar á milli.

samtökunum á Íslandi.

AA - samtökin líta svo á að alkóhólismi sé sjúkdómur. Sú kenning felur í sér að alkóhólistar geti ekki haft stjórn á drykkju eða annarri vímuefnaneyslu sinni af því að þeir séu líkamlega og andlega (eða tilfinningalega) veikir. Ef þeir hætta ekki áfengisneyslu fer alkóhólismi þeirra stigversnandi. Á Íslandi viðurkenna heilbrigðisyfirvöld alkóhólisma sem sjúkdóm.


Gott fordæmi og vinsemd þeirra óvirku alkóhólisma sem eru í AA samtökunum er nýjum félögum hvatning til að halda sig frá áfengi eða öðrum vímuefnum **“einn dag í einu”** (eins og AA - félagarnir gera). Í stað þess að heita því að drekka aldrei framar eða vera að hafa áhyggjur af því hvort þeim takist að halda sér allsgáðum næsta dag leggja AA - félagarnir áheyrslu á að drekka ekki núna, eða neyta annarra vímuefna, í dag. **“Edrú einn dag í einu, það er málið. Það er pottþétt að ég muni halda**

áfram að sækja AA-fundi eftir að dvöl minni hér á Litla - Hrauni lýkur”, segir fanginn. Þessi ungi fangi sækir einnig meðferðarhópa sem starfandi eru innan fangelsisins. **“Þannig séð eru meðferðarúræðin í lagi hér í fangelsinu. Það er boðið upp á afvötnun með lyfjum, þegar fólk kemur inn úr neyslu, svo eru starfandi meðferðarhópar”.**

Tónlistarmaðurinn Bubbi Morteins hefur hælt AA-samtökunum og lofað þeirra aðferðir. Bubbi hélt heiðri AA samtakanna á lofti og sagði

jafnframt að félagsskapurinn hefði hjálpað honum mikið. Sömu sögu hafa margir óvirkir alkóhólistar og óvirkir fíklar að segja að AA - samtökin hafi leitt þá úr glötun. **“Það er hver stafur í AA bókinni réttur. Ég hvet ykkur til að mæta á fundi, það gerir ykkur ekki annað en gott”,** sagði Bubbi á sínum árlegu tónleikum um jólin á Litla Hrauni.





ORÐ GUÐS HALDIÐ Á LOFTI Í SÖNG OG BÆN

- UPPBYGGILEGT STARF Í FANGELSI

“Ég hafði aldrei getað trúað því fyrir en á reyndi að fangar gætu komið saman og beðið fyrir hvor öðrum. Sungið Guði til dýrðar, lesið úr Biblíunni og hughreyst hvorn annan.

“

Í fangelsinu á Litla - Hrauni er staðið fyrir svo kölluðum lofgjörðarstundum. Þar koma fangar saman undir handleiðslu trúbræðra sinna frá kirkjunni Filadelfíu. Orði Guðs er haldið á lofti í söng og bæn.

“Þetta var þannig tilkomið að ég sat inni í klefa mínum ásamt samfanga mínum. Þar

ræddum við um trúna

og hvað hún hafði

hjálað okkur í

hínum ýmsu

erfiðleikum. Það

kom þá í tal að

reyna að koma á

fót lofgjörðarstund

þar sem allir þeir

fangar sem vildu

kæmu saman, Guði

til dýrðar”, segir

fangi í samtali

við greinar-

höfund.

Það varð

því

úr að fangarnir sendu yfirvöldum á Litla Hrauni ósk um að koma þessum stundum á. “Svo var legið á bæn. Og viti menn, það varð bænasvar”.

Viðmælandi minn spennir greipar og segir mér að trúin sé sterkur þáttur núorðið í lífi hans. “Trúin hefur haldið mér frá langvarandi fíkniefnaneyslu. Bætt samskipti mín við vini mína og fjölskyldu. Ég finn fyrir nálægð Guðs á hverjum degi”, segir fanginn og bætir við að það er undir manni sjálfum komið hvort maður sé opinn fyrir nálægð Guðs. “En hann er alltaf til staðar”.

Trúin hefur markað sér sess í huga og hjarta viðmælanda míns, tónlistarsmekkur hans markast af trúnni. “Ég hlusta mikið á trúartónlist, það er svo mikil fegurð og heiðarleiki í öllu þar”, segir viðmælandi minn og plokkar strengina á gítar sínum. **Um fangelsið fara ljúfir tónar og ekki laust við að ró færist yfir klefa hans.**

“Ég hef spilað lengi á gítar.

Nú er ég að semja lög og texta og óneytanlega kemur trúin þar við sögu”.

Fanginn er frelsaður. Hann leitast við það að fara eftir því

sem Jesú Kristur frelsari okkar hafði að leiðarljósi. “Ég trúi því með opnu hjarta að Jesú Kristur sé frelsari okkar, drottinn. Nú á ég mér alltaf vin sem ég get alltaf leitað til, sama á hvaða tímum sólahringsins það er. Hann hjálpar mér að greina á milli rétt og rangt. Hann sýnir mér afleiðingar sumra gerða áður en ég framkvæmi, þannig vísar hann mér frá því að gera rangt. Hann hefur gefið mér meira umburðarlindi gagnvart náunganum”. Hann kveðst einnig að eftir að hann játaði trúna finni hann fyrir ró og frið í hjarta sínu. Hann sé öruggur.



En hvað skildi Lofgjörðarstund hafa fram yfir bæn í einrúmi. “Stundin hjálpar mér að iðka trúna. Það er gott og holt að biðja saman í góðum félagsskap. Stundirnar hafa tengt okkur fangana hér betur saman, þannig að við umgöngumst hvorn annan af virðingu.”, segir viðmælandi minn og bætir því við að trú hans sé sú að þar sem fleiri en einn koma saman þar er Guð á meðal og nærvera hans er enn sterkari. “Mér líður mjög vel á svona stundum. Ég lít á bænastundina sem einskonar þvottahús, ég kem óhreinn inn og kem út sem hreinn maður”, segir hann um leið og gleðisvipur færist yfir andlit hans. “Ég hvet sem flesta að nýta sér þessar stundir, þær geta ekki gert annað en gott”, lýkur viðmælandi minn spjalli okkar um leið og hann tekur fram söngtexta og raðar saman lagalista fyrir næstu stund.



Miklar breytingar í vændum í bókasafni

GRUNNTEIKNING LIGGUR FYRIR

Í fangelsinu á Litla - Hrauni er starfandi bókasafn. Vakning hefur verið á meðal fanga um mikilvægi þess að hafa gott bókasafn í fangelsinu, bókasafnið er þó aðeins opið einu sinni í viku. Afstaða - Trúnaðarráð fanga hefur skilað inn tillögum til yfirvalda á Litla - Hrauni um breytt og bætt bókasafn. Gerð hefur verið grunnteikning þess efnis, sem sést hér til hliðar. Í tillögunni er gert ráð fyrir lesaðstöðu þar sem allt að 10 manns getur unnið, auk aðgangs að tölvu. Ljóst er, ef að breytingu verður mun aðstaða bókasafns batna til muna og stór þáttur í afþreyingu fanga batna. Af þessu tilefni hefur Afstaða - trúnaðarráð unnið í því að fá nýjar bækur í safnið og hafa nokkrar þeirra núþegar borist bókasafninu til gjafar.



MÖRG AR VASKINN

10% þeirra fanga sem taka nú út refsidóm hafa gert það í 2 til 4 skipti áður

Er þetta framtíð þín?
Þú hefur val

Hvað ætlar þú að verða, þegar þú verður stór?

AFSTAÐA
TRÚNAÐARRÁÐ FANGA



Ungir fangar

Úttekt ungra fanga er líkt við glæpaskóla

- HÉR LÆRI ÉG ÞAÐ HELSTA

“Neysla hjá einum fanga getur orðið um 36 þúsund, bara yfir eina helgi.”

Samkvæmt tölum frá Fangelsismálastofnun eru á Íslandi um 4.5% fanga undir 20 ára aldri. Flestir þeirra taka út dóm í fangelsinu á Litla - Hrauni. Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um það hversu slæm áhrif fangavist hefur á unga einstaklinga. Horft er þá aðallega til þess að þessir ungu menn umgangast eldri og oft á tíðum forherta glæpamenn. Úttekt fanganna er líkt við glæpaskóla þar sem þeir læra helstu taktík í glæpaheiminum.

Í Evrópskum fangelsisreglum er greint frá því að unga fanga skal vista við aðstæður sem vernda þá eins og unnt er fyrir slæmum áhrifum og taka skal tillit til sérþarfa þeirra vegna aldurs. Erlendur B. Sigurðsson afbrotasérhafi og deildarstjóri hjá Fangelsismálastofnun Ríkisins sagði í samtali við Hraunbúann að reynt væri að taka tillit til aldurs fanga þegar ráðað væri niður á fangelsin. “Stundum er það nú þannig að yngstu fangarnir eru erfðastir. Það er mun algengara að yngri fangar reyni að flýja fangelsisvist og er því erfitt að vista þá t.a.m í opnu fangelsi eins og Kvíabryggju”. Erlendur segir að ungur óharðnaður fangi, sem væri að fá sinn fyrsta fangelsisdóm væri vistaður annarstaðar en á Litla - Hrauni til að forðast slæm áhrif. “Það er þó spurning hver kennir hverjum og hver hefur áhrif á hvern. Þegar ungur einstaklingur er vistaður á Litla - Hrauni er búið að reyna önnur úrræði. Þetta er oft á tíðum það eina og loka úrræðið”, segir Erlendur. Þegar Erlendur var spurður út í þá fíkniefnaneyslu sem væri í fangelsinu á Litla Hrauni, svaraði hann því til að reynt væri að sporna við þeirri neyslu. “Þetta er þó þekkt fyrirbæri í öllum fangelsum að þar finnist fíkniefni þrátt fyrir mikið

eftirlit. Þeir sem vilja skaða sig með fíkniefnaneyslu geta það, sama hvar þeir eru”, segir Erlendur.

Greinarhöfundur ræddi við nokkra unga fanga og spurði þá meðal annars hvort úttekt þeirra sé þeim skaðleg. “Þetta er mér mjög skaðlegt. Áður en ég kom inn neytti ég aðeins Hass, Kókaín og e-töflur. Nú er ég farinn að nota líka sýru, Supertek, Rítalín og sveppi, það mælist ekki í þvagi. Það er allt vaðandi í fíkniefnum hér í fangelsinu”, segir einn fanganna sem rætt var við. Hinir höfðu svipaða sögu að segja. Þeir hafi verið í litilli neyslu, eða engri en hér væri svo erfitt að halda sér edru. “Þegar ég kom fyrst inn í fangelsið bjó eldri fangi til skuld á mig og hótaði mér ef ég borgaði honum ekki. Sú hótun náði út fyrir fangelsið. Ég borgaði hana ekki og varð ég stöðugt fyrir áreiti frá nokkrum föngum vegna þess”, sagði einn fanganna.

Að sögn fanganna eru litlir kóngar um allt fangelsið og eru þeir fljótir að taka þá ungu undir sinn verndar væng. Hjálpa þeim að komast hjá því að borga uppgerðar skuldir eða verða fyrir öðru áreiti. “Þeir fara þá oftast fram á það að við komum inn með fíkniefni í fangelsið. Bera á milli staða eða selja fyrir sig”. Einn fangi er greinarhöfundur ræddi við sagði að það væri mikill peningur í því að selja fíkniefni hér í fangelsinu. “Neysla hjá einum fanga getur orðið um 36 þúsund, bara yfir eina helgi”. Að þeirra sögn komast menn í gríðarlega skuld í fíkniefnaviðskiptum. Hafa sölumenn í fangelsinu komist í eina og hálf milljón í tekjur á fjórum mánuðum. “Ef um háa upphæð er að ræða er hún greidd eftir að komið er úr fangelsinu”. Þessir ungu fangar voru misjafnir,

sumir í vinnu eða skóla. Neytendur, edru eða sölumenn. “Það er þó eitt jákvætt við þetta, ég er í skóla. Það hefði ég aldrei gert ef ég hefði verið úti”, segir einn fanganna. Fangarnir segjast alast nú upp við fíkniefna- og afbrotasögu margra einstaklinga. “Þetta er glæpaskóli, hér lærir maður allt um það hvernig maður á að haga sér í undirheimunum. Hvað á að gera og ekki gera”.

Oft á tíðum sjá sumir ungu fanganna þeim eldri fyrir fíkniefnum. Meira er um fíkniefni meðal þeirra ungu en meir um neyslu hjá þeim eldri. “Það er vont að vera minnstur. Með því að sjá föngum fyrir efnum fær maður vernd”, segir einn fanganna. Greinarhöfundur ræddi einnig við eldri fanga og töluðu þeir flestir um það að yngri fangar væru aðgangsharðir í sölu á fíkniefnum. Sumir þeirra væru saman á deild og því söluaðurinn kominn upp að rúmgafl. Þannig væri erfitt fyrir þá eldri sem reyndu að halda sér edru að gera það.

Að sögn ungu fanganna sem greinarhöfundur ræddi við sögðust þeir flest allir þekkja frá fyrri tíð. Flestir höfðu hist áður á unglingaheimilum eða meðferðarstofnunnum. “Þetta er svo lítill heimur. Stundum er það mjög vont. Maður skuldar kannski einhverjum fíkniefnaskuld. Sá eða vinur hans er í fangelsinu og þá fær maður harða rúkkun”. Fangarnir segja að það gangi oftast að semja um þá skuld. Þá er hún borguð í peningum, fíkniefnum eða öðrum greiða t.d. með því að koma með fíkniefni inn í fangelsið. “Það eru önnur mál sem erfitt er að semja um. Það er nauðgun eða ofbeldisbrot. Það er eiginlega ekki hægt að laga”.



Faðir í fangelsi

Hvar er pabbi minn?

• ÉG FÉKK AÐ VERA VIÐSTADDUR FÆÐINGUNA

Í upphafi ársins naut ég þeirrar lukku að eignast son. Það er ein af mestu ánægjustundum manns í lífinu að eignast barn. Sú staðreynd að ég skuli afplána dóm á Litla-Hrauni skyggði þó óneytanlega á gleðina.

Ég fékk að vera viðstaddur fæðinguna og að auki tvær heimsóknir á fæðingardeildina dagana á eftir. Þó stundirnar væru stuttar, náðum við konan mín, nýfæddur sonurinn og hinn sonur minn, sem hóf grunnskólagöngu sína síðasta haust, að styrkja fjölskylduböndin með samverunni utan fangelsisins.

Vissulega setur fjarvera mín sem föðurs fjölskyldulífinu ákveðnar skorður. En ég hringi daglega í fjölskylduna mína, fæ að vita hvernig dagurinn hefur gengið fyrir sig, hvað sá eldri gerði skemmtilegt í skólanum í dag, og hvernig sá yngri dafnar. Konan mín reynir að koma vikulega í heimsókn og alltaf með ungviðið. Ekki gildir hið sama um þann eldri, því við komumst fljótt að því að fangelsið virkar þrúgandi á hann og ýmsar óþægilegar vangaveltur vakna hjá

honum. Fangelsisyrfirvöld hafa komið til móts við þennan vanda með því að heimila heimsóknir hans til mín í sumarbústað ársfjórðungslega, og höfum við konan mín þess á milli boðið honum að koma í heimsókn í fangelsið, sem hann hefur þegið öðru hvoru.

Við höfðum óneitanlega áhyggjur af því hvernig hann tæki því á sínum tíma þegar afplánun mín hófst. Reynt var að nálgast efnið á þann hátt að pabbi þyrfti að fara í svolítið langan tíma í burtu og vinna í fangelsi úti á landi. Með tímanum var síðan dregið úr áherslunni á orðið vinnu og farið að tala beint um dvöl í fangelsi.

Börn eru oft skarpari en við höldum, og ein af fyrstu spurningunum sem við fengum var hvort lögreglan gerði stundum mistök. Umræðan var leidd út á þá braut að stundum lentu góðir menn í vöndum aðstæðum og þá þyrftu þeir að fara í burtu í smá tíma, hugsa málin sín og svo kæmu þeir til baka. Þrátt fyrir mikla neikvæða umræðu á heimilinu um margt sem dómsmálið snerti, hvort heldur vinnubrögð lögreglu, málsmeðferð eða stífni fangelsisyrfirvalda, þá höfum við lagt á það áherslu að þegar að smáfólkinu kemur er lagt upp með að lögreglan sé góð og hjálpsöm, það eigi að hafa trú á dómskerfinu og að stofnanir ríkisins reyni að skila hlutverki sínu sem best þær mega. Slík tvöfeldni er ekki mótsögn í mínum huga, því sama gildir um mörg svið uppeldis. Þó ég finni fyrir litlum trúarhita, legg ég mig fram um að fræða mín afkvæmi um kristilegt hugarfar og gildi þess að trúa á guð. Eins vil ég

meina að börn eigi að vaða þá villu að heimurinn sé sanngjarn og uppgötva ekki hið rétta fyrr en barnæsku þeirra lýkur, að jólasveinninn sé til þar til sannara reynist, og að peningar sé eitthvað sem pabbi og mamma sjái um þangað til allt í einu að svo er ekki lengur.

Sú staðreynd að faðirinn sé í fangelsi hefði hugsanlega mátt verða orsök eineltis í skóla eða að minnsta kosti stríðni. Við konan mín tókum því strax þá stefnu að fræða kennara, skólayfirvöld, knattspyrnuþjálfara og aðra þá sem önnuðust drenginn okkar á einn eða annan hátt um þá stöðu mála að ég myndi dvelja innan múra um hríð. Þessu var mætt af miklum skilningi, ekki síst fyrir þá sök að flestir áttu skyldmenn eða þekktu til aðila sem svo hefði verið ástatt um, og vildu allt til gera að jafnvægisástand héldist meðan mín nyti ekki við að fullu sem föður.

Reynslan hefur sýnt okkur að ótti um einelti var að algeru ástæðulaus. Stefna skóla í þeim málum nú til dags bæði fyrirbyggur slíkt, og tekur á vandanum ef hann gægist upp. Vissulega höfum við heyrt að meðan á bílaleik eða kastalabyggingu stendur hafi drengurinn okkar verið spurður hvar pabbi hans sé. Þegar hann svarar ósköp blátt áfram að pabbi sé í fangelsi en komi bráðum heim, eins og ekkert sé sjálfsagðara, þá er málið jafnan dauðt. Kannski yppir spyrjandinn öxlum, og fylgir málinu eftir með aukaspurningu um hvort pabbinn sé bófi, en svarið lætur ekki á sér standa frá mínum manni um að það séu ekki bara bófar í fangelsi, heldur líka góðir menn sem hafi bara óvart gert vonda hluti.

“Börn eru oft skarpari en við höldum, og ein af fyrstu spurningunum sem við fengum var hvort lögreglan gerði stundum mistök.”

Fangi
á Litla - Hrauni



Gifting eftirminnilegasta atvikið í starfi

• SEGIR ARI BJÖRN THORARENSEN AÐSTOÐARVARÐSTJÓRI



Það eru margar hliðar á fangelsinu Litla - Hrauni. Ein þeirra er starf fangavarðar. Um 60 fangaverðir starfa í fangelsinu. Meðal þeirra er **Ari Björn Thorarensen aðstoðarvarðstjóri, sem er jafnframt formaður fangavarðarfélags Íslands.** “Þegar fangavörður er fyrst ráðinn, er það til afleysingar. Þarf viðkomandi að hafa lokið tveggja ára framhaldsnámi eða 60 einingum. Auk þess þurfa þeir að sækja þriggja daga námskeið”, segir Ari Björn í viðtali við Hraunbúann. Það er svo ákvörðun yfirvalda hvort afleysingarmaðurinn fái áframhaldandi ráðningu. Þurfa þá væntanlegir fangaverðir að fara í fangavarðarskólann, sem er tveggja anna skóli. Sá skóli er haldinn eftir þörfum, en endurnýjun er ekki mikil í stétt fangavarða. “Það hefur samt orðið töluverð breyting upp á síðkastið”, segir Ari Björn,

en meðalaldur fangavarða hefur verið að færast neðar. Nær allir fangaverðir er starfa á Litla - Hrauni hafa lokið fangavarðarskólanum. “Það eru einungis afleysingarmenn sem hafa ekki þá menntun. Þeir fanga-

verðir sem hlotið hafa menntun og fastráðningu eru skipaðir til starfsins af Fangelsismálastofnun Ríkisins. Þetta er nokkuð öruggt starf. **Fátítt er að fangavörður sé látinn víkja úr starfi.**”, segir Ari Björn. Símenntun fangavarðar hefur verið erfitt að viðhalda sökum fjárskorts hjá Fangelsismála-stofnun.

Starf fangavarðar hefur oft á tíðum verið eftirsótt starf, öruggt og gott. “Það hefur þó ekki verið það upp á síðkastið þar sem lægstu laun hafa ekki fylgt þeirri þróun sem er á þessum frjálsa markaði. **Byrjuna laun eru eitthvað um tvöhundruð þúsund á mánuði,** með aukavinnu og vaktaálagi”, segir Ari Björn. Flestir þeir fangaverðir sem starfa á Litla - Hrauni koma frá Selfossi, Stokkseyri og Eyrabakka.

Starf fangavarðar er margþætt. Þeir þurfa að bregða sér í hin ýmsu hlutverk, t.a.m. sálusorgara, sáttasemjara og gæslumanns sem gætir bókstafs laganna. Starfið getur oft á tíðum orðið mjög erfitt, þeir þurfa að þola hótanir frá föngum sem geta orðið persónulegar. **“Sumar hótananna tókum við beint á búninginn, en ekki persónulega.** Það er tekið mismunandi á hótunum, eftir því hvernig þær eru og í hvaða ástandi viðkomandi fangi er í”, segir Ari Björn. Oft á tíðum getur starfið reynst sérstaklega erfitt fyrir fangaverði. Fyrir

nokkru síðan sviptu 3 fangar sig lífi í fangelsinu. **“Þetta getur verið gríðarlega erfitt andlega.** Ástandið var þá mjög erfitt í fangelsinu. Þetta hefur verið minn erfiðasti tími í starfi hér”, segir Ari Björn, en mikið reyndi á hann og aðra fangaverði þegar sjálfsvígsbylgjan reið yfir. **Þrír sviptu sig lífi á þremur mánuðum.** Sumir hverjir hugsuðu þá að hætta í starfi, sökum álags. Fangaverðir fá áfallahjálp ef atburðir sem þessir koma upp, auk annarra erfiðra mála sem koma upp og reyna á fangaverði.

Þar sem margir einstaklingar koma saman líkt og fangelsi eru menn misjafnir og getur slegið í brýnu á milli þeirra. Þá þurfa fangaverðir að grípa inn í og þá stundum **þegar högginn ganga á milli manna.** “Ástandið í fangelsinu gengur í bylgjum. Það þarf ekki nema einn til tvo erfiða fanga sem umturna öllu fangelsinu”, segir Ari Björn. Ari Björn byrjaði í starfi fangavarðar 1986, þá voru einstaklingar sem enn eru í fangelsinu í dag. “Það kemur fyrir að sömu einstaklingarnir koma aftur og aftur”.

Skemmtilegar og gleðilegar upptakomur geta þó komið upp í fangelsinu t.a.m gifting. “Það var eftirminnilegasta atvikið sem ég hef upplifað í starfi mínu, þegar **fangi gifti sig í húsi eitt, fyrir um 15 árum síðan**”, segir Ari Björn.



Ari Björn Thorarensen
Formaður FVFÍ



Hin heilaga þrenning sannleikans

Í rétti kerfið hið rétta dylur
og raunveruleikinn fer í felur.
Sækjandi vont og vafasamt þylur
meðan verjandi allt hið góða til telur.

Þó sannindin hafi talsmenn tvo
sem tali í gátum og undir rós
þá er víst einu sinni svo
að sekt manna er ekki alltaf ljós.

Því sannleikurinn sjaldnast er
sagður alveg á hlutlausan hátt.
Tilhneyging hefur að teygja hver
og toga hann í sína átt.

Sannleikans gengur æ sól til viðar
sama þó hæl og hnakka á berðist.
Þannig er að þrjár eru hliðar
þeirra, okkar og það sem gerðist.

Dofi

Myrkur í skugga,
Lítið líf að sjá.
Sit ég og rugga
Stólnum til og frá.

Mynd af mér

Allir hafa drepið í mér
það litla sem ég hef sáð,
svört mynd sem á veggnum er
sýnir að orð mín eru hrjád

Myndin sem máluð var af mér
er þunglyndisleg,
en því miður eins og augað sér
að svona er ég.
-Emk

Þunglyndi

Gleði mín var fágæð
fátt annað en harmleikur,
ég grúfi mig og græt
andlit mitt eins og reykur

Í þeim kvalafulla þorsta
sit ég niðurdreginn,
andlit mitt þrútið af losta
og vanlíðan ég finn

Í þeirri eynd er ég vakna
þá ligg ég á mínu beði,
þá ávallt mun ég sakna
Hamslausrar lífsins gleði
-Emk



Hver gætir gæslustofnunar?

Ef rekst þú á vegg og réttvísi brýtur
ríkið mun sækja og þú þarft að verjast.
En ríkisins ef að réttlæti þrýtur
á rökstólum evrópuréttar þarft berjast.

Mörg er sú reglugerð ráðuneyta,
ranglát vinnuregla og venja,
sem tími er kominn til að breyta
og túlkun þrengja í stað þess að þenja.

Valdsvið stofnana virða þarft þú
sem viðgengst hefur um ár og öld.
Hvar er sanngirninn í því sú
að séu án eftirlits yfirvöld?

Þegar réttlæti skortir og ríkir ei sátt
þá reiðist hugur og þráir hefnd.
En leysa má málið á léttan hátt:
lausnin er óháð eftirlitsnefnd.

Lífið er leikur

Margur vill meina að lífið sé leikur
þó lítt sé gætt þar sanngirni og sóma.
En jafnan er eldur þar sem upp stígur reykur
og yfirleitt gildir hið sama um dóma.

Ef lífið er leikur þá hefði mátt halda
að helst það líktist knattspyrnuleik
þar sem tryggður er sigur ef taktík átt valda
en tapið öruggt ef vörnin er veik.

Knattspyrna er að því leitinu lík
lífinu sjálfu að vís er sú veila
að væla og þræta um rökin mis rík
og rangláta dóma endalaust deila.

Líkt og í lífinu það er á þínu valdi
að þrasa ekki með málið snautt.
Þegar dómarninn veifar þér gulu spjaldi
þegiðu og lærðu, annars færðu næst rautt.

Ekki í þunglyndi og sorg þig setja
þó svolítið hrasir er farvindar feyki.
Knattspyrnuheimsins mesta hetja
hann vinnur ekki alla leiki.

Þeir leikmenn sem hnípnir á bekknum húka
huggað geta sig við það bara
að alltaf mun leiktið á endanum ljúka
og leyft þeim verður heim að fara.





Tómstundir fanga

Frelsinginn - skákfélag fanga

Skákfélagið Hrókurinn hefur haldið úti skákkennslu í fangelsinu á Litla - Hrauni. Kennslan hefur verið mjög góð og markviss. Einnig hefur Hrókurinn staðið fyrir skákmótum og eru þá veglegir vinningar í boði. Hafa fangar nýtt sér þetta ómetanlega framtak Hróksins til fulls. Henrik Danielsen stórmeistari og Róbert Harðarson skáksnillingur hafa haldið utan um kennsluna. Hafa fangar sýnt mikla leikni og framfarir undir þeirra leiðsögn. Hafa fangar skýrt skákfélag sitt Frelsinginn, sem á vel við. Fyrir stuttu gaf Hrókurinn öllum skákmönnum á Litla - Hrauni boli með merki Hróksins og áletrun á bakinu: "Frelsinginn". Má segja að þarna hafi fyrsti og eini fangabúningurinn orðið til, til þessa. Fangarnir ganga þó í þessum búningi með stolti, ólíkt þeim búningum sem erlendir fangar þurfa að vera í. Vismenn á Litla - Hrauni færa Hróknum bestu þakkir fyrir ómælda vinnu og þolinmæði.



Frelsiskór fanga

Einu sinni í viku koma nokkrir fangar saman til að hefja upp rausn sína. Stjórnandi kórsins er Sr. Gunnar Björnsson.

Laga og textaval kórsins er aðallega íslensk lög í bland við nokkur erlend. Kórinn hefur komið fram á aðventukvöldum sem haldin eru árlega á Litla - Hrauni, fyrir fanga og starfsmenn fangelsisýfirvalda.

Hópurinn er sterkur kjarni sem samanstendur á h u g a s ö m u m einstaklingum sem h a f a þ a ð a ð m a r k m i ð i a ð skemmta sér og létta lundina með söng, sem tvímælalaust hjálpar fongunum að létta undir oft á tíðum erfiða og langvarandi fangavist.



Heimsóknargestir

Allir fangar sem dvelja á Litla - Hrauni eru synir. Sumir þeirra eru feður, eiginmenn, afar og bræður. Fangar eiga rétt á heimsókn til sín vikulega. Upplifun sumra aðstandenda er koma í heimsókn er margvísleg. Sumir gestanna upplifa ótta og hræðslu. Strax við komuna þurfa heimsóknargestir að ganga inn um rimlahlið og þannig komnir inn fyrir girðingu fangelsisins. Þaðan ganga gestirnir eftir stíg að heimsóknarálmunni. "Þetta er óhugnanlegt að koma að fangelsinu. Sjá alla þessa girðingu með gaddavírum og stóru rimlahliði. Mér fannst mjög óþægilegt að koma þangað fyrst. Ég, að mér fannst, gekk innan girðingar með föngum. Ég var eitthvað svo berskjölduð gagnvart öllu, fann alls ekki til öryggis", segir einn heimsóknargesta er

greinarhöfundur ræddi stuttlega við. Heimsóknargesturinn gagnrýndi einnig þá aðstöðu sem búinn er að föngum og gestum þeirra. Klefarnir væru litlir og ekki þægilegir ef margir kæmu í heimsókn. "Ég tala nú ekki um ef ég tek börnin með. Umhverfið er svo neikvætt og erfitt", bætir heimsóknargesturinn við.

Heimsóknargesturinn gagnrýndi einnig það að þurfa að umgangast fanga. "Þegar ég kem inn í húsið, geng ég upp tröppugang, að móttökunni. Þar eru oft margir fangar, í þröngum gangi að heimsóknarklefunum ganga gestir og fangar um", segir gesturinn sem greinarhöfundur ræddi við. Eitt að því sem gesturinn talaði um, var hversu aðbúnaðurinn væri slæmur varðandi salernisaðstöðu. En aðeins


eitt salerni er til staðar, fyrir bæði kynin, jafnt fanga sem heimsóknargesti.

Í umræðunni hefur verið að byggja nýtt húsnæði fyrir heimsóknarálmu. Greinarhöfundur vill koma því að til þeirra er hlut eiga að máli hvað varðar hönnun húsnæðisins að hafa í það minnsta 15 stóra og fjölskylduvæna klefa. Nauðsynlegt er að húsnæðið komi til með að standa að hluta út fyrir girðingu fangelsisins, þannig þurfa heimsóknargestir aldrei að fara í gegnum rimlahlið og inn fyrir girðingu fangelsisins. Nauðsynlegt er að tveir gangar verði að heimsóknarherbergjunum úr sitthvorri áttinni, einn fyrir fanga og annar fyrir heimsóknargesti. Þá þurfa gestir aldrei að umgangast aðra fanga en gestirnir eru að heimsækja.





Krossgáta



LÁRÉTT:

1 - Hreinsilögur. 8 - Björgvin H. 9 - Geimvera. 10 - Eins um 500. 12 - Á fæti. 13 - Hún er ekki hissa. 15 - Svali. 17 - Sigrúðu. 18 - Ríki. 19 - Spotta. 20 - Vörð sem læddist. 21. Akkeri. 24. Sígra. 25 - Kristilegt félag. 26 - Fyrstur. 27 - Fullt hús matar. 29 - Hatað blað. 30 - Drykkur. 31 - Sólguð. 32 - Endursenda. 33 - Málmur. 34 - Dráp. 35 - Gösl. 37 - Urg. 38 - Vafra í holtið. 44 - Tvíhljóði. 45 - 2 eins. 46 - 1000.

LÓÐRÉTT:

1 - Kemur oft á Hraunið. 2 - Síl. 3 - Virti lítið. 4 - Gamalt þorp. 5 - Eyða. 6 - Ekki. 7 - Lögmaður. 9 - Strýddu. 11 - Ströng gæsla. 12 - Í klíkunni. 14 - Fréttastofa. 16 - Hnappur. 20 - Gisti. 22 - Kannski. 23 - 500. 25 - Næ. 28 - Lofttegund. 30 - Sog. 32 - Fölnun. 36 - Atburðurinn. 39 - Tvíhljóði. 40 - Fljót. 41 - Keltum. 42 - Nart. 43 - Til víngerðar.


Lausnarorð:

7	51	50	52	47	49	48

Páskahugleiðing

Líf með von

▫ SR. HREINN S. HÁKONARSON FANGAPRESTUR ÞJÓÐKIRKJUNNAR



“ Guð gengur fram á völl í heiminum og opnar okkur dyr til nýs lífs sem við erum spenntir fyrir og höfum kynnst í lífi og starfi meistarans frá Nasaret ”

Manneskjan er í eðli sínu nýjungagjörn og það virðist liggja í eðli hennar. Allir erum við spenntir fyrir því sem nýtt er vegna þess að í því eru fólgin tækifæri sem færa okkur gæfu og gengi. Já, við erum spenntir fyrir því sem við höfum ekki séð áður og teljum að verði okkur til góðs og uppbyggingar fyrir sálu og líkama.

Það sem er nýtt vekur líka upp spurningar sem kalla á svör. Hver og einn okkar verður að svara því hvort við eigum að grípa á lofti það sem nýtt er eða ekki. Við þekkjum það líka að svar sem við fáum getur kveikt aðrar spurningar og þannig hrannast þær upp. Það sem nýtt er vex og dafnar.

En það er ekki aðeins spenna sem vaknar andspænis því sem nýtt er. Öryggisleysi getur líka gert vart við sig. Enda þótt manneskjan sé nýjungagjörn þá er hún líka fastheldin á það sem hún hefur í hendi sinni. Fastheldnin setur líf okkar í vissar skorður sem okkur líkar vel við þó þær geti líka orðið óbærilegar.

Nýjar hugsanir og gamlar vefjast þannig saman og mynda eina heild. Á hverri stundu ber það sem nýtt er fyrir augu okkar og við skoðum það í ljósi þess sem við vitum og þekkjum. Við

köllum þetta nútíma eða bara líðandi stund.


Þegar sól hækkar á lofti er sem allt vakni af djúpum svefni. Ljósgeislar ryðjast fram og varpa skærri birtu á allt í kringum okkur og verma huga okkar. Við sjáum margt sem við könnumst við og líka það sem við höfum aldrei áður séð. En augu okkar staldra lengur við það sem er nýtt.

Við þekkjum boðskap kristinnar trúar hann er sem gamall vinur. En hann getur líka sýnt á sér nýjar hliðar þegar hann bankar upp á hjá okkur eins og á páskum.

Páskar ganga í garð þegar vorið er rétt handan við hornið. Eins og vorið ber í sér allt sem okkur er kunnugt og auk þess allt hið nýja þá er páskahátíðin hins vegar fyrst og fremst hátíð hins nýja. Hún er ekki bara hressileg hátíð með góðum mat og ljúfum súkkulaðieggjum. Páskahátíðin kallar á okkur með sterkri röddu og bendir okkur á það sem nýtt er. Hún dregur breitt strik undir líf sem er nýtt. Á máli trúarinnar heitir það *upprisa*. Upprisa til lífs. Þessi upprisa er bundin lífi meistarans frá Nasaret. Við þekkjum lífsferil hans og getum sagt frá honum í

stórum dráttum. En hið nýja sem lífsferill hans afhjúpar er *líf með von*. Lífinu er ekki stefnt til eilífs dauða eftir farsælt líf eða misviðrasamt. Nei, lífinu er stefnt til eilífs lífs. Til nýs lífs sem hverjum og einum okkar er boðið að þiggja ef við opnum augun og hleypum trúnni að.

Það er alkunnugt að allir viljum við finna einhverja lausn á lífsgátunni. Við þekkjum ýmsar lausnir sem hafa reynst misvel. Sumar hafa verið tálsýn og aðrar hafa leitt til ógæfu. En sú lausn sem páskar gefa okkur er fullnægjandi. Guð gengur fram á völl í heiminum og opnar okkur dyr til nýs lífs sem við erum spenntir fyrir og höfum kynnst í lífi og starfi meistarans frá Nasaret. Fyrir það þökkum við og segjum: Gleðilega páskahátíð!



Sr. Hreinn S. Hákonsson
Fangaprestur



Afstæða

Vinna að tækifæri fyrir fanga til ábyrgðar

- HUGA VERÐUR Í HVÍVETNA AÐ AÐSTANDENDUM FANGA

Reglur og markmið Afstöðu

Heiti

Félagið heitir AFSTAÐA til ábyrgðar.

Aðsetur

Félagið hefur aðsetur að Litla-Hrauni, 820, Eyrarbakka.

Markmið

Markmið félagsins eru fyrst og fremst þau að vinna að tækifæri fyrir fanga til ábyrgðar, endurreisnar og að búa þeim skilyrði til farsællar endurkomu út í samfélag manna. Hugað verður í hvívetna að aðstandendum fanga, fjölskyldum, vinum og öllum öðrum sem sitja í fangelsi úti í hinu frjálsa samfélagi vegna tengsla við fanga.

Stefnt verður að því að hvetja alla fanga til góðra og göfugra verka, viðhalda von þeirra og sýnilegum markmiðum á meðan fangavist varir og að henni er lokinni. Félagið vinnur með þá von í brjósti að fongum gefist tækifæri til að iðrast gjörða sinna með orðum og athöfnum og vinni sjálfum sér og samfélaginu gagn af einlægni og án sérstakra skilyrða.

Félagið gengur út frá fullkomnu og skilyrðislausu jafnræði allra og mun vinna jöfnum höndum fyrir minni sem meiri eftir því sem samræmist markmiðum og tilgangi félagsins.

Félagið mun, eftir því sem kostur er, standa að fræðslu á meðal fanga jafnt sem frjálsra manna og veita aðstoð öllum þeim sem hennar óska eftir því sem kostur er og tækifæri til. Ætlunin er að fræða og upplýsa um fangelsi, orsakir fangavistar og afleiðingar hennar út frá hinum ýmsu sjónarhornum.

Félagið tekur afdráttarlausu afstöðu gegn vímuefnum og mun leggja sig fram í baráttunni við vímuefnadrauminn og taka þátt í ýmsum verkum sem frætt geta og styrkt val þeirra sem kunna standa andspænis vímuefnum. Í baráttu sinni að þessu leyti mun félagið

einkum huga að eftirspurninni og lönguninni.

Félagið leggur áherslu á að ofneysla áfengis og annarra vímuefna sé samfélagslegt heilbrigðisvandamál.

Félagið mun haga störfum sínum með þeim hætti sem best hentar félagsmönnum, aðstandendum, fangelsisyrfirvöldum og öðrum þeim sem málefni félagsins kunna að varða.

Félagsmenn

Félagsmenn eru allir þeir, fangar jafnt sem aðstandendur og aðrir áhugasamir frjálsir menn, sem skrá sig í félagið á þar tilgerðum eyðublöðum.

Tilsjónarmaður

Félagið skipar sér tilsjónarmann eða framkvæmdarstjóra úr hópi félagsmanna til allt að tveggja ára í senn og skal hann valinn í almennu og sýnilegu kjöri innan félagsins að tillögu félagsmanna. Tilsjónarmaður sinnir daglegum, og öðrum tilfallandi, verkefnum félagsins í samráði við stjórn og félagsmenn. Tilsjónarmaður á jafnframt sæti í stjórn félagsins og er hluti hennar.

Tilsjónarmaður skal fá greidd vikuleg laun fyrir vinnu sína úr sjóði félagsins sem nemur hálfum vikulegum launum fanga á hverjum tíma.

Stjórn

Félagið skipar sér stjórn úr hópi félagsmann til allt að tveggja ára í senn. Stjórnin skal vera skipuð þremur mönnum auk tilsjónarmanns og er hún valin úr hópi félagsmanna í opnu og sýnilegu kjöri að tillögu félagsmanna. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins í samráði við félagsmenn.

Fulltrúar

Stjórnin skal skipa sér fulltrúa úr hópi félagsmanna til að vinna að sérstökum og mikilvægum málefnum sem félagið tekur sér fyrir hendur. Fulltrúar skulu starfa í nánu samráði

við stjórn félagsins og taka þátt í fundum hennar eftir því sem þörf er á og aðstæður eru til. Þegar sérstaklega stendur á, og þörf er á utanaðkomandi aðstoð og þekkingu, getur stjórnin leitað sér fulltrúa utan félagsmanna og skal þá samgangur þeirra við félagið vera í samræmi við reglur sem um það gilda í fangelsum á hverjum tíma.

Félagsgjöld

Félögum er frjálst að greiða vikulega framlög í félagssjóð, allt frá 100 kr á viku, en engum er skylt að greiða slíkt gjald. Þeir félagsmenn sem kjósa að greiða vikulegt gjald í félagssjóð skulu staðfesta það á þar tilgerðum eyðublöðum og eiga fangar þess þá kost að dregið sé vikulega af launum þeirra til greiðslu í sjóðinn.

Félagssjóður

Engar greiðslur verða inntar af hendi úr félagssjóði án vitundar félagsmanna og í samráði við þá. Reglulega verður þó varið úr sjóðnum fjárhæð sem nemur vikulegum launum tilsjónarmanns og til greiðslu fyrir rittföng í þágu félagsins. Þá kann að verða greiddur símakostnaður vegna símtala sem eiga sér stað í þágu félagsins.

Upplýsingar

Tilsjónarmaður mun, fyrir hönd félagsins, standa að útgáfu fréttæfnis og upplýsinga fyrir félagsmenn og aðra þá sem störf félagsins kunna að varða. Skal hann reglulega, og sem kostur er, senda félagsmönnum upplýsingar um starfsemi félagsins, samantekt reikninga og annað sem félagið lætur sig varða.

Fundir

Félagið mun halda fundi sína í samráði við fangelsisyrfirvöl á Litla-Hrauni, einu sinni til þrisvar í viku. Þar mun félagið hitta fanga við komu í fangelsið Litla-Hraun og veita þeim leiðsögn og upplýsingar. Þá mun stjórn félagsins hitta alla fanga og félagsmenn sem þess óska og vera þeim innan handa svo sem kostur er.



GÓÐA NÓTT

30% ÍSLENSKRA FANGA ER YNGRI EN 20 ÁRA



Er þetta framtíð þín?
Þú hefur val
Hvað ætlar þú að verða, þegar þú verður stór?

AFSTAÐA
TRÚÐNAÐARRÁÐ FANGA